

FRÉTTABRÉF

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

1. tbl. 2008 – Mars

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga

verður haldinn 8. apríl 2008

Dagskrá:

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga verður haldinn þriðjudaginn 8. apríl á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38. Fundurinn hefst kl. 17:15. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum og kjöri til stjórnar sjóðsins.

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningsskil
3. Fjárfestingarstefna
4. Lífeyrisuppgjör pr. 31.12. 2007 skýrsla tryggingafræðings sjóðsins
5. Stjórnarlaun
6. Kosning tveggja manna í stjórn og eins til vara
7. Kosning endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna
8. Önnur mál

Iðgjaldyfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingar- og séreignardeilda fyrir allt árið 2007 og um réttindi í lok ársins. Ekki er óeðlilegt að nýjustu mánuði vanti í yfirlitið vegna skráningar og innheimtu skilagreina.

Ef villur eru í yfirlitunum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars er hætta á að réttindi tapist, sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa.

Hægt er að koma athugasemdum á framfæri með tölvupósti á lifsverk@lifsverk.is eða í síma 568 8504.

Símanúmer þjónustufulltrúa SPRON vegna sjóðfélagalána:

Guðrún Helga Steinsdóttir s. 550 1780
Valdís Hansdóttir s. 550 1752
Valgerður Gunnarsdóttir s. 550 1718
SPRON, Ármúla 13, s. 550 1200

Úthlutun hagnaðar

Á yfirliti samtryggingardeildar kemur fram að í júlí 2007 var úthlutað 5,31% hagnaði ofan á áunnin réttindi eins og þau voru í árslok 2006. Í samræmi við grein 15.8 í samþykktum sjóðsins var 1.273 mkr. af hagnaði ársins 2006 úthlutað til sjóðfélaga í hlutfalli við áunninn lífeyrisrétt þeirra.

Hækkun verðtryggingarhlutfalls

Staðfesting á samþykktarbreytingunum frá aðalfundi sjóðsins 20. mars barst ekki frá fjármálaráðuneytinu fyrr en 21. desember 2007. Hækkun verðtryggingar úr 80% í 90% skv. nýrri grein 19.6 kom því ekki til greiðslu til lífeyrisþega fyrr en 1. febr. 2008, en þá var hún jafnframt greidd afturvirkir frá 1. júlí 2007. Jafnframt var réttindahækkun skráð hjá öðrum sjóðfélögum sem greinin náði til en ekki höfðu enn hafið töku lífeyris. Kemur hún fram á yfirliti samtryggingardeildar sem réttindahækkun í júlí 2007.

Aðalfundur 20. mars 2007

Á aðalfundi sjóðsins 20. mars 2007 var Þórir Guðmundsson endurkjörinn í stjórn sjóðsins til næstu þriggja ára. Hulda Guðmundsdóttir var kjörin varamaður til þriggja ára í stað Magnúsar Bjarnasonar. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins voru báðar samþykktar. Tillaga um breytingar á grein 4.1 varðandi ráðstöfun umframiðgjalds til séreignar var samþykkt með atkvæðum þorra fundarmanna gegn tveimur. Tillaga um nýja grein 19.6 um hækkun verðtryggingarhlutfalls úr 80% í 90% var samþykkt með 43 atkvæðum gegn 15. Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga kom saman til fundar að loknum aðalfundi og skipti með sér verkum. Sigurður Áss Grétarsson var endurkjörinn formaður stjórnar og Björn Z. Ásgrímsson varaformaður. Meðstjórnendur eru Birna Pála Kristinsdóttir, Óskar Maríusson og Þórir Guðmundsson.

Aukaaðalfundur 22. maí 2007

Að beiðni 47 sjóðfélaga í Lífeyrissjóði verkfræðinga boðaði stjórn sjóðsins til aukaaðalfundar 22. maí. Á fundinum var samþykkt með 157 atkvæðum gegn 108 að leggja til við stjórn sjóðsins að hin nýja grein 19.6 yrði felld úr samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins leit svo á, í ljósi þessarar niðurstöðu, að boða þyrfti til nýs aukaaðalfundar og bera þar fram tillögu um að fella grein 19.6 úr samþykktunum.

Aukaaðalfundur 3. sept. 2007

Stjórn sjóðsins boðaði til aukaaðalfundar 3. september þar sem greidd voru atkvæði um að fella grein 19.6 úr samþykktum sjóðsins skv. tillögu aukaaðalfundar frá 22. maí. Tillagan var felld með 150 atkvæðum gegn 109. Niðurstaðan þýddi að grein 19.6, sem veitir eldri sjóðfélögum aukna verðtryggingu á lífeyri, stóð óbreytt.

Miklar sveiflur í ávöxtun 2007

Eftir nokkur hagfelld ár og góða ávöxtun 2003-2006 einkenndist árið 2007 af miklum sveiflum á flestum mörkuðum. Fram eftir ári voru hlutabréf á uppleið, en á miðju ári hófst mikið umrót sem leiddi til lækkana á hlutabréfamörkuðum innanlands og erlendis. Styrking krónunnar dró ávöxtun erlendra eigna enn frekar niður. Innlend skuldabréf lækkuðu fram eftir ári en síðustu vikur ársins hækkðu þau á ný.

Ávöxtun deildanna réðst af samsetningu þeirra:

Raunávöxtun samtryggingardeildar varð neikvæð um 0,7%. Þar vó þyngst lækkun hlutabréfa bæði innanlands og erlendis síðustu mánuði ársins.

Séreignarleið 1 sem er eingöngu með íslenskum skuldabréf kom best út með 2,8% raunávöxtun.

Séreignarleið 2 með blöndu innlendra og erlendra hlutabréfa og innlendra skuldabréfa skilaði 2,5% raunávöxtun.

Á árinu 2008 hafa sveiflur á mörkuðum aukist enn frekar og ávöxtun flestra eignaflokka versnað. Mikil gengislækkun krónunnar hefur þó skilað góðum ávinningi af erlendum eignum, þrátt fyrir lækkanir á erlendum mörkuðum. Innlend hlutabréf lækkaðu fyrstu mánuðina, en verðtryggð skuldabréf hafa hins vegar hækkad í verði vegna ótta við vaxandi verðbólgu.

Námskeið um töku lífeyris

Lífeyrissjóðurinn hefur á undanförunum árum haldið námskeið fyrir sjóðfélaga sem nalgast lífeyrisaldur. Næsta námskeið verður haldið fimmtudaginn 15. maí kl. 17:15 að Engjateigi 9. Fundarboð verður sent í pósti til sjóðfélaga 60 ára og eldri.

Lífeyrissjóður verkfræðinga

Engjateigi 9, 105 Reykjavík

Sími: 568 8504

Netfang: lifsverk@lifsverk.is

Vefur: www.lifsverk.is

Opnunartími: 08:00 - 16:00